

DalaAuður - úthlutaðir styrkir í nóvember 2022

DAL-2022-08. Guðmundur Sveinn Bæringsson - *Complete vocal söngnámskeið*

Verkefnið snýst um að halda fjögurra daga söngnámskeið í complete vocal tækni og er það hugsað til að bæta söngtækni þeirra sem að sækja námskeiðið sem að vonandi breiðist síðan út í meira söngsamstarf heimamanna.

Verkefnið hlaut 150.000 kr. styrk úr Frumkvæðissjóði árið 2022 og var námskeiðið haldið í lok árs 2022.

DAL-2022-09. Alexandra Rut Jónsdóttir - *Er líða fer að jólum*

Verkefni snýst um að halda jólatónleika í Dalabúð, Búðardal. Markmið með þessum tónleikum er að efla menningarlíf í Dalabyggð og gera sér glaðan dag í aðdraganda jóla. Tónleikarnir verða ekki hagnaðardrífir heldur er markmiðið að þeir eigi eftir að standa undir sér. Á tónleikunum mun koma fram áhugafólk um söng og hljóðfæraleik úr Dala- og Mýrasýslu. Hugsunin er að töfra fram létta, heimilislega og hátíðlega jólatónleika á aðventunni.

Verkefnið hlaut 200.000 kr. styrk úr Frumkvæðissjóði árið 2022 og voru tónleikarnir haldnir 3. desember sama ár en um 250 manns sóttu tónleikana.

DAL-2022-09. Skúli Hreinn Guðbjörnsson - *Námskeið í kjötvinnslu*

Verkefnið gengur út á að halda námskeið í kjötvinnslu fyrir áhugasama íbúa í Dalabyggð. Námskeiðið verði með því sniði að þátttakendur öðlist færni í að útbúa matvöru sem væri söluvæn. Þannig gæti námskeiðið t.d. nýst bændum sem hafa áhuga á að koma sínum afurðum í sölu en einnig þeim sem vilja verka kjöt fyrir heimilið.

Verkefnið hlaut 200.000 kr. í styrk árið 2022.

DAL-2022-14. Sögufélag Dalamanna og Kruss ehf. - *Dalablaðið á netinu*

Á árunum milli 1983-1995 voru gefin út héraðsblöðin, Dalablaðið, Krókarefur og Aldan í Dölum og síðan seinna meir blaðið Dalabyggð. Ekkert af þessu efni er aðgengilegt á stafrænu formi, þó sumt væri sjálfsagt hægt að finna í gömlum tölvum, væri farið af stað. Verkefnið felst í því að skanna inn þessi blöð og gera aðgengileg á stafrænu formi.

Verkefnið hlaut 200.000 kr. styrk úr Frumkvæðissjóði árið 2022.

DAL-2022-28. Undri - *Rafípróttadeild Undra*

Verkefnið snýst um að byggja upp rafíþróttadeild innan íþróttafélagsins Undra. Til þess þarf að kaupa tæki og byggja upp aðstöðu. Rafíþróttadeildin er gerð eftir fyrirspurn frá íbúum í Dalabyggð um að byggja upp deild innan íþróttafélagsins í rafíþróttum.

Verkefnið hlaut 200.000 kr. styrk til þarfagreiningar árið 2022.

DAL-2022-12. Harpa Helgadóttir - Skarðsstöð – deiliskipulagsgerð fyrir ferðapjónustu

Skarðsstöð er gamall verslunarstaður á Skarðsströnd í Dalabyggð og er þar útgerðarhöfn. Náttúran í Skarðsstöð hefur upp á svo mikið að bjóða bæði varðandi fuglalíf og sel sem er tíður gestur í sundinu við höfnina. Nýting hlunninda, eyjabúskapur og hvernig maður og náttúra þurfa að lifa saman, er síðan alltaf heillandi viðfangsefni og stór hluti af menningararfi svæðisins. Áhugi fyrir Skarðsstöð og Skarðsströnd hefur aukist nokkuð með tilkomu skrifa Bergsveins Birgissonar um Geirmund heljarskinn, þ.e. Leitin að svarta víkingnum og Geirmundar sögu heljarskins. Frá Skarðsstöð er auðsótt að sigla út á Breiðafjörð og njóta náttúrunnar.

Verkefnið snýst um að vinna deiliskipulagslýsingu og tillögu á deiliskipulagi um uppbyggingu Skarðsstöðvar sem ferðamannastaðs sem mun bjóða upp á fjölbreytta möguleika til ferðapjónustu, útivistar og afþreyingu um sögu svæðisins og nýtingu æðarfuglsins og siglingar um svæðið. Skipuleggja þarf og hanna svæðið með það fyrir augum að verndargildi náttúru og minja á svæðinu verði uppbyggt með móttöku ferðamanna í huga, svo ekki hljótist tjón af, og með stýring skipulagsins verður samlegð í verndun og nýtingu svæðisins. Móttaka ferðamanna verður í gamla verslunarhúsinu Skarðsstöð þar sem farið verður yfir það sem svæðið hefur upp á að bjóða. Siglt verður þaðan út á Breiðafjörð.

Verkefnið hlaut 250.000 kr. í styrk árið 2022.

DAL-2022-13. Alexandre Jean-Francois Vicente og Malou Havaiki Cervantes - Good Morning Iceland

Good Morning Iceland is a project based on Photography and Videos, with the aim of promoting and developing the attractiveness of the Dalabyggð area. Firstly, we want to use the photography for creating a new activity for the tourism in Dalabyggð, proposing special Northern Lights shootings for tourists in Búðardalur, during the winter period and develop the attractivity of the area using the Northern light tourism in globality. We also want to invest ourselves for the community, offering a real photography and Video service for the public projects for the school, Dalabyggð and all others public and private activities. The aim is to offer a new way, for the dalamenn, to promote their own activities and increase the whole attractiveness of all the activities in Dalabyggð.

Verkefnið er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða ljósmyndapjónustu fyrir ferðapjóna sem vilja markaðsefni og hins vegar snýst verkefnið um að skipuleggja norðurljósaferðir fyrir ferðamenn í Dalabyggð. Þá vilja styrkhafar einnig gefa tilbaka til samfélagsins sem þau búa í, og bjóða fram þjónustu sína án endurgjalds á ýmsa samfélagsviðburði á styrkárinu.

Verkefnið hlaut 350.000 kr. styrk til búnaðarkaupa árið 2022.

DAL-2022-26. Guðlaugur S. Sigurgeirsson ehf. - Fótadalsvirkjun

Verkefnið snýst um að gera rennismælingar vegna virkjunar í Fótadal inn af Laugardal í landi Tungu. Mælingarnar verða gerðar til að kanna fýsileika á áframhaldandi uppbyggingar á svæðinu en ráðgert er að byggja þar upp ferðamanna aðstöðu með þjónustuhúsi, heitum laugum og veitingasal.

Verkefnið hlaut 400.000 kr. styrk árið 2022.

DAL-2022-10. Guðmundur Halldórsson og Trausti Bjarnason - Gönguleið Fellsströnd - Skarðsströnd

Verkefnið snýst um að merkja, stika og kynna gönguleið sem liggur á milli bæjanna Á á Skarðsströnd og Vogs á Fellsströnd. Gönguleiðin yrði aðgengileg öllum færum og áhugasömum – ferðafólk, gestir og íbúar munu geta nýtt sér hana.

Verkefnið hlaut 400.000 kr. styrk árið 2022 og var nýttur til hönnunar á skiltum sem sett verða upp beggja vegna gönguleiðarinnar.

DAL-2022-20. Dalirnir heilla ehf. - Fræhöll í Búðardal

Verkefnið snýst um að gera forathugun á hagkvæmni þess að reisa fræhöll í Búðardal þar sem yrði fræframleiðsla á Hrym, sem er lerkikynblendingur evrópulerkis og rússalerkis. Hrymur er einstaklega hraðvaxta og vel aðlagður íslenskum aðstæðum og hentar því mjög vel til ræktunar víða um land, þ.m.t. á Vesturlandi.

Verkefnið hlaut 400.000 kr. styrk árið 2022 sem nýttur var til að gera forathugun á hagkvæmi þess að reisa fræhöll í Búðardal. Öll markmið verkefnisins náðust, þ.e. það tókst að finna land undir starfseminu, teknar voru prufuholur, fyrirhugað gróðurhús staðsett, og jafnframt var gerð kostnaðaráætlun fyrir uppbygginguna og rekstraráætlun fyrir starfseminu.

DAL-2022-04. Skugga-Sveinn ehf. - Útiræktun grænmetis í Ásgarði

Verkefnið felst í því að þróa frekar útiræktun grænmetis í Ásgarði sem prófuð var sumarið 2022. Sú ræktun gekk vonum framur og næsta skref er að þróa notkun á tækjabúnaði til að létta vinnuna við ræktun. Tækjabúnaðurinn sem sótt er um styrk til að kaupa í þessari umsókn mun spara vinnu og gera það að verkum að hægt verður að auka útiræktun og hafa hana á stærra svæði en vinnuþátturinn er stærsti kostnaðarliðurinn við ræktun grænmetis.

Verkefnið hlaut 500.000 kr. styrk til búnaðarkaupa árið 2022.

DAL-2022-21. Skógræktarfélag Dalasýslu - Aðgengi skóga í Dalabyggð – Brekkuskógur og Laxaborg

Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi og ásýnd núverandi skógar svæða nálægt Búðardal og efla þá sem áfangastaði fyrir ferðamenn og yndisauka fyrir heimafólk. Um er að ræða tvö uppvaðin skógar svæði, „Brekuskóg“, rétt vestan Búðardals og Laxaborg við Haukadalsá, um 9 km austan við Búðardal. Í verkefninu á að hanna og skipuleggja aðkomu, bílastæði, rjóður og skógarstíga, einnig merkingar við þjóðveg og innan svæðanna, ásamt nauðsynlegri aðstöðu.

Verkefnið hlaut 500.000 kr. styrk árið 2022.

DAL-2022-22. Leikklúbbur Laxdæla - Uppsetning á leikverki

Markmiðið með verkefninu er að setja upp leikverk í kringum Jörvagleði á árinu 2023 en leikfélagið fagnaði 50 ára afmæli árið 2021. Markmiðið er að efla menningarlíf í Dölum, með von um að fleiri komi og taki þátt í starfi Leikklúbbsins.

Verkefnið hlaut 500.000 kr. styrk árið 2022. Leikfélagið setti í kjölfarið upp sýninguna Vodkakúrinn og hélt þrjár sýningar fyrir fullu húsi í Dalabúð í apríl 2023.

DAL-2022- 25. Bjarnheiður Jóhannsdóttir - Fræðsla og sjálfshjálp vegna geðheilsu

Verkefnið snýst um að fá sérfræðinga til að vera með fræðsluerindi til eflingar geðheilbrigði Dalamanna. Í kjölfarið yrði könnuð þörf og áhugi á sjálfshjálparhópi meðal íbúa. Markmiðið er að halda tvo til þrjá fyrirlestra sem tengjast geðheilbrigði og skapa þannig vettvang fyrir áhugasama til að fræðast og ræða um geðheilbrigði.

Verkefnið fékk 500.000 kr. styrk árið 2022.

DAL-2022-16. Kruss ehf. - Jólasveinar á Íslandi eru úr Dölunum

Jóhannes úr Kötlum samdi jólasveinavísur og gerði með því þrettán íslenska jólasveina ódauðlega, bæði í sögulegu- menningar- og almennu tilliti. Hugmyndin er sú að koma jólasveinunum fyrir sem víðast í Dalasýslu. Gera þá sýnilega og kynna þá fyrir erlendum jafnt sem innlendum gestum.

Verkefnið fékk 600.000 kr. til gerðar viðskiptaáætlunar árið 2022.

DAL-2022-29. Íþróttfélagið Undri - Búnaðarkaup vegna íþróttastarfs barna

Verkefnið snýst um að kaupa íþróttabúnað sem nýst getur bæði fyrir fimleikaæfingar og fyrir íþróttaskóla Undra sem er fyrir börn á leikskólaaldri og íþróttagrunn sem er alhliða íþróttþjálfun fyrir börn á grunnskólaaldri. Markmið með búnaðarkaupum er að auka fjölbreytileika æfinga ásamt því að veita iðkendum tækifæri til þess að þróa færni sína og getu.

Verkefnið hlaut 1.000.000 kr. í styrk árið 2022.

DAL-2022-02. Búnaðarfélag Hvammsfjarðar - Rúllutætare til uppgræðslu

Veittur er styrkur til búnaðarkaupa á rúllutætara sem nýst getur til uppgræðslu og jafnvel til annarra verkefna, svo sem ef bændur vilja nýta fyrningsrúllur og umbreyta í áburðarefni.

Verkefnið hlaut 1.000.000 kr. í styrk árið 2022.

DAL-2022-30. Rebecca Cathrine Kaad Ostenfeld - *Dýragarðurinn Hólum*

Veittur er styrkur til hönnunar og teikningar á nýrri aðstöðu fyrir dýrin á Hólum og er markmiðið með uppbyggingunni að bæta aðstöðu bæði fyrir dýr og einnig gesti sem þangað koma.

Verkefnið hlaut 1.000.000 kr. í styrk árið 2022.

DAL-2022-05. Svarthamar Vestur ehf. - *Dalahvítlaukur*

Ég heiti Þórunn Ólafsdóttir og er sjúkraliði að mennt og ég elska hvítlauk. Mér fannst vanta góðan íslenskan hvítlauk á markaðinn, því megnið af þeim hvítlauk sem við kaupum í dag út úr búð er innfluttur frá Kína. Þannig fæddist sú hugmynd að Tóuræktun – Dalahvítlaukur.

Verkefnið er á byrjunarstigi en stefnt er að því að koma á fót hvítlauksræktun sem fer að skila arði eftir árið 2025. Stefnt er að því að fá lífræna vottun fyrir ræktunina.

Við ræktunina mun vera notast við ákveðna aðferð sem kallast á ensku No dig/No till. Með henni er leitast við að skapa góð vaxtaskilyrði, án þess að plægja jarðveginn eða nota tilbúinn áburð. Til að vel takist, þá þarf að huga vel að moldinni. Það þarf að næra hana og lífríkið sem þar býr og þannig fæ ég náttúruna til að vinna fyrir mig, sem skilar sér í betri og hollari vöru. Stefnt er að því að byrja að selja Dalahvítlauk haustið 2024.

Verkefnið hlaut 1.000.000 kr stofnstyrk til byggingar á þurrkhúsi árið 2022.

DAL-2022-01. Ungmennafélagið Ólafur Pá - *Sjúkraþjálfara aðstaða í Búðardal*

Verkefnið er að byggja upp heilsueflingarhúsnæði á vegum Ungmennafélagsins Ólafs Pá í húsnæði félagsins að Vesturbraut 8, í Búðardal. Í húsnæðinu er að finna líkamsræktaraðstöðu og unnið er að uppbyggingu á aðstöðu fyrir sjúkraþjálfara, sem mun veita íbúum byggðarlagsins aukna þjónustu. Eins og staðan er í dag þurfa íbúar Dalabyggðar að sækja sér sjúkraþjálfun út fyrir byggðarlagið og sækja margir þjónustuna yfir í Borgarnes eða jafnvel til Reykjavíkur, aðrir hafa nýtt fjarsjúkraþjálfun að einhverju leiti. Uppbygging slíkrar aðstöðu mun verða mikil búbót fyrir íbúa Dalabyggðar og nærliggjandi byggðarlaga.

Verkefnið hlaut 1.300.000 kr. í styrk árið 2022.

DAL-2022-03. Anna Berglind Halldórsdóttir og Ólafur Bragi Halldórsson - *Umhverfissvænni og heilbrigðari landbúnaður með hjálp Bokashi*

Markmiðið með verkefinu er að þróa Bokashi aðferðina til að gerja lífrænan úrgang í stórum stíl við íslenskar aðstæður. Kanna á nýtingarmöguleika gerjaðs lífræns úrgangsmassa til áburðar og jarðvegsbóta og sem hráefni til áframhaldandi vinnslu. Takist vel til er það liður í hagkvæmri og umhverfissvænni úrvinnslu og endurnýtingu á úrgangi. Það er von umsækjanda að ávinningur

verkefnisins skili af sér betri nýtingu og hagkvæmari áburði fyrir bændur, sveitarfélög og fyrirtæki í sorphirðu.

Verkefnið hlaut 1.600.000 kr. styrk úr Frumkvæðissjóði árið 2022.